

## Fundargerð

207. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
2. **Vöktun á sýklalyfjaónæmi í kjöti og dýrum 2018, helstu niðurstöður**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður úr samstarfsverkefni Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um rannsóknir á sýklalyfjaónæmi í dýrum og kjöti. Sýklalyfjaónæmi er til staðar í íslensku búfé, en minna en í flestum Evrópulöndum. Sérstaka athygli vakti ónæmi í íslenskum lömbum og innfluttu svínakjöti. Niðurstöður þessarar rannsóknar kallar á nánari rannsóknir, vöktun og forvarnir gegn ónæmi í sýklum sem berast á milli dýra og manna, m.a. hvað varðar endurskoðun á lyfjastefnu og skipulagningu aðgerða til að hindra smit vegna aukinnar ferðamennsku inn og út úr landinu. Þá er minnt á mikilvægi þess að lagmarka mengun í umhverfi og gera viðeigandi úrbætur á m.a. fráveitukerfum.

3. **Stefna stjórnvalda gegn sýklalyfjaónæmi**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti greinargerð starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Ráðherra hefur gert niðurstöður starfshópsins að opinberri stefni stjórnvalda í einu og öllu. Helstu áhersluatriði snúa að öguðum vinnubrögðum hvað varðar fúkkalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum, vöktun í dýrum, sláturafurðum, fóðri og matvælum og aðgerðir til að minnka hættu vegna aukinnar umferðar ferðamanna, s.s. hvað varðar salernisaðstöðu og fráveitukerfi. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í því að bæta innviði vegna aukningar í ferðaþjónustu og afar mikilvægt er að endurbæta fráveitukerfi þannig að saurmengun berist ekki í menn og dýr.

4. **Greiningar á samsetningu svifryks**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti fyrstu niðurstöður á greiningum á svifryki úr Akureyrarbæ og skýrði jafnframt helstu hugmyndir sem eru uppi í þeim tilgangi að ná betri árangri gegn svifryki í Akureyrarbæ. Unnið er að nýrri aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar gegn svifryki og helstu áhersluatriði snúa að þrifum á götum, hálkuvarnir og notkun hálkuvarnarefna (mulningur og/eða salt) ásamt þeim möguleika að nota vökvun og rykbindiefni á erfiðum dögum. Sömuleiðis er til skoðunar þáttur nagladekkja í slitu á götum og myndun svifryks, þ.e. aukinn fræðsla og áróður og jafnvel að leggja umhverfisgjöld á nagladekk.

### Umsagnir:

1. **Umsögn: Eyjardalsvirkjun í Þingeyjarsveit**
2. **Deiliskipulag: Hesthúsahverfi við Þórshöfn**
3. **Aðalskipulag breyting: Hesthúsahverfi við Þórshöfn**
4. **Eyjardalsvirkjun, aðal- og deiliskipulag**

5. **Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við gólfvöllinn á Húsavík**
6. **Tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð (Í5) á Húsavík**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 til 6.

7. **Umsögn v/skipulagslýsingar vegna aðalskipulagsbreytingar Krossaneshaga (B áfanga) á Akureyri**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti umsögn undir lið 7

8. **Umsögn: Vaglaskógur, breytingar á deiliskipulagi**

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn undir lið 8

#### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Vað ehf. kt. 670317-0560 Tjaldsvæði á Vaði 1 Þingeyjarsveit fyrir allt að 30 manns. **Samþykkt til 12 ára**
2. KNA Veitingar ehf. kt. 590914-1180, Eyrarvegi 3, 680 Þórshöfn Fl III-Umfangsmiklar áfengisveitingar. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára**
3. KNA Veitingar ehf. kt. 590914-1180, Eyrarvegi 8 680 Þórshöfn. Fl. II-gististaður án veitinga. **Samþykkt til 12 ára**
4. Bjarnastaðir hestaferði ehf. kt. 700614-1900, Bjarnastöðum, 671 Kópaskeri. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára**
5. Árdalur ehf, kt. 480897-2349, Árdal, 671 Kópaskeri Fl. IV Gististaður með áfengisveitingum. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára**
6. Bragabót ehf. kt. 670801-2250, Árbót, 641 Húsavík Farfuglaheimilið Árból. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára**
7. Stórinúpur ehf. kt. 6312080100, Núpi. 671 Kópaskeri Dettifoss Guesthouse, Lundí. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára**
8. Bryndís Pétursdóttir, kt. 220670-4069, Lautavegi 8, 650 Laugar. Fl. II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára**
9. Norðanmatur ehf. kt. 540219-1410, Helluhraun 17, 660 Mývatn. Fl. III Umgangsmiklar áfengisveitingar Hafnarstétt 9, 640 Húsavík, Hvalbakur. Nýr rekstraraðili. **Afgreiðslu frestað**
10. Sonata hótél ehf kt. 481097-2319, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á gistiheimili að Engimýri III í Öxnadal, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára**
11. Björk Þorsteinsdóttir kt. 290667-5429, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð í Duggufjöru 12, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára**
12. Proskahjálp á Norðurlandi eystra kt. 660696-2109, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi. **Samþykkt til 12 ára**
13. Böggvisbrauð ehf kt. 440418-0310, Böggvisstöðum, 621 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir brauðbakstur og bakarístengdum bakstri í viðarhituðum steinofni. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt**
14. Velli10 ehf kt. 690319-0980, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á pylsustað á torginu á Akureyri undir nafninu ŠBæjarins bestuð **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt**
15. Eva Rakel Aðalsteinsdóttir kt. 060696-3229, umsókn um starfsleyfi fyrir ásetningu gervinagla šNeglur Akureyrið, Furuvöllum 13, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára**
16. Landspítalinn/Blóðbankinn Glerártorgi, kt. 500300-2130 Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir blóðsöfnun. **Samþykkt til 12 ára**

## Önnur mál:

Framkvæmdastjóri skýrði frá áformum um endurnýjun á embættisbifreið í lok árs af tegundinni Kia e-Niro (rafbíll)

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.35

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Anna Rósa Magnúsdóttir

---

Steinn Oddgeir Sigurjónsson

---

Kristín Halldórsdóttir